

# VESTURVERK VERKEFNAÞRÓUN – HVALÁVIRKJUN OFL.

ORKUÞING VESTFJARÐA Á ÍSAFIRÐI 12. APRÍL 2023/ÁBL

# VesturVerk – Nokkrar staðreyndir og staða

VesturVerk ehf (VV) er í eigu HS Orku hf (80%) og Glámu fjárfestingar slhf (20%).




- VV hefur varið um 700 mkr í þróun verkefna
- Megin áhersla hefur verið lögð á á þróun Hvalárvirkjunar og Skúfnavatnavirkjun.

Önnur rannsóknarverkefni:

- Skúfnavatnavirkjun (13,5 $MW_e$)
- Hvanneyrardalsvirkjun (16 $MW_e$)
- Hest- og Skötufjarðarvirkjun (17 $MW_e$)
- Nónborgir (vindorkuver, 100 $MW_e$)

**Staða (Hvalárvirkjun):**

- Samkomulag um nýtingu við landeigendur Engjaness og Ófeigsfjarðar
- Nýtingarflokkur rammaáætlunar (#2 og #3)
- Frumhönnun liggur fyrir
- Mat á umhverfisáhrifum lokið
- Virkjun skilgreind í aðalskipulagi – breyting á skipulagi hafin (skipulagslýsing)
- Tengipunktur Landsnets skilgreindur við innanvert Ísafjarðardjúp
- Árvissar rannsóknir á vatnasviðum
- Óvissa með eignarhald á vatnsréttindum

**Tilmæli/tillaga Skipulagsstofnunar:**

- **Skipulags- og leyfisveitingar beggja framkvæmda verði afgreiddar samhliða**




**Mynd 1:** *Staðsetningar á rannsóknarverkefnum VesturVerks*

**Mælingakerfi VesturVerks**

Árvissar mælingar í 16 mælistöðvum.

Snjódýpismælingar

Flóðamælingar

Lágrennslismælingar



# Hvalárvirkjun. Skipulags- og leyfismálin framundan, virkjun og tengilögn

**Virkjun VV:**

- Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag (1 ár )
- Afla virkjunarleyfis- og framkvæmdaleyfis (1 – 2 ár, að hluta til samhliða skipulagsmálum)
- Fjármögnun og fullnaðarhönnun, á undirbúningstíma (2 – 3 ár, að hluta til samhliða úrvinnsla)
- Framkvæmd (áætlað 3 ár)

**Landsnet – tengilögn frá Hvalárvirkjun að nýjum tengipunkti og áfram í Kollafjörð:**

- (1) Almennur undirbúningur, samskipti við hagsmunaaðila, sveitarstjórnir, landeigendur
- (2) Vinna við leiðaval, umhverfisrannsóknir, umhverfismat, o.fl. Lágmark um (2 – 3 ár)
- (3) Línubygging : Slóðagerð, kapallögn, reising og strenging o.fl. 2 – 3 ár eftir samþykkt á framkvæmdaleyfi
- Tímarammi verkliðir 1 – 3, á bilinu 4 – 6 ár.

- Tengigjald VV til Landsnets er áætlað um **2.900 mkr.**
- Landsnet krefst **greiðslutryggingar upp á 150 mkr** sem ganga á upp í tengigjald þegar tengisamningur verður gerður; ef ekki verður af framkvæmd gengur Landsnet að tryggingarfénu.




VesturVerk HREIN ORKA

# Kröfur óbyggðanefndar

- Áður var þjóðlendusvæði fast við mörk Drangajökuls.
- Núverandi krafa, frá 2021, nær til megin hluta Ófeigsfjarðarheiðar.
- Landamerkjabréf Engjaness og Ófeigsfjarðar eru óljós hvað varðar merki nær Drangajökli.
- Röksemdir ríkisins byggjast á nytjum jarðanna Engjaness og Ófeigsfjarðar.




Af heimasíðu Óbyggðanefndar:

„Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að sá hluti Drangajökuls sem deilt er um í málinu sé utan landamerkja þeirra jarða sem kröfum hefur verið lýst vegna og að hann sé ekki heldur innan merkja annarra jarða. Raunar eru landamerkjabréf jarðanna að nokkru leyti óljós hvað varðar landamerki gagnvart jöklinum og heiðinni austan og sunnan hans. Á það sérstaklega við um merki Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar. Landamerkjabréf Drangavíkur hefur einungis að geyma lýsingar á merkjum næst sjónum og þótt merkjum sé lýst lengra inn til landsins í landamerkjabréfum Engjaness og Ófeigsfjarðar eru merkjalýsingar þeirra óglöggar hvað það varðar.

# Hvalárvirkjun

Lágmörkun óvissu vegna friðunaráforma og eignarhalds vatnsréttinda

## Áhættur

**1. Engjanes samningur –** Óvissa um hver er réttur eigandi vatnsréttinda – núverandi landeigandi eða ríkið

- Auðlindaréttindi voru undanskilin í sölu landsins á síðustu öld. Ekki getið í veðbókarvottorði.
- Eigandi Engjaness og VV sömdu um rétt til rannsókna og nýtingu í góðri trú árið 2009.
- Fjr. tilbúið að skoða hvort ríkið geti gengið inn í samning landeiganda og VesturVerks.

**2. Báðir nýtingarsamningar. Sérstök óbyggðanefnd** – krafa um að ríkið eigi land og auðlindaréttindi á stóru afmörkuðu svæði á Ófeigsfjarðarheiði.

**Ósk VesturVerks um yfirlýsingu fjámálaráðuneytisins**
Í báðum tilvikum gæti ríkið eignast vatnsréttindi.
Formlegt erindi sent fjr.:

Ríkið lýsi því yfir að það sé tilbúið að ganga inn í gerða samninga m.a. í ljósi þess að Alþingi hefur skilgreint Hvalárvirkjun í nýtingarflokk.

***Máli ekki lokið.***

**3. Friðun Dranga,** áhrif mannvirkjagerðar innan 5 km marka frá jarðamörkum Dranga

- UOL hefur svarað formlega að friðun jarðarinnar hamli ekki mannvirkjagerð á Ófeigsfjarðarheiði.

***Máli lokið***

**4. Fyrirspurn VV um hugmyndir að friðun fossa á vatnasviði Hvalárvirkjunar.**

- Í formlegu svari UOL kemur fram að ekki geti orðið að friðun viðkomandi fossa þar sem Alþingi hefur í tvígang sett Hvalárvirkjun í nýtingarflokk og því verði ekki breytt nema til komi ný ákvörðun Alþingis.

***Máli lokið***

**Afgerandi að samningar standi og réttir eigendur samþykki auðlindagreiðslur eins og samið var um.**



VesturVerk HREIN ORKA

# Eftirspurn raforku

Stöðuskýrsla Stjórnaráð Íslands

**Metnaðarfull markmið og takmarkað framboð**

- Ríkisstjórn Íslands hefur sett metnaðarfull markmið um kolefnishlutleysi árið 2030 sem krefst umtalsverðrar nýrrar orku fyrir framleiðslu rafeldsneytis
- Eftirspurnarsviðsmyndir gefa til kynna orkuskort að minnsta kosti þar til árið 2030
- Takmarkanir í flutningskerfinu auka enn frekar á orkuskort
- Framboð orku á Evrópumarkaði er takmarkað og búist við að svo verði áfram næstu ár. Leiðir að óbreyttu til aukins áhuga á öruggri endurnýjanlegri (grunn)orku á fyrirsjáanlegum verðum í langtímasamningum

**Viðbótarafl 2022-2030**

Fremur bjartsýn spá HS Orku gerir ráð fyrir um 715 $MW_e$ viðbót inn á kerfið til ársins 2030 sem nægir samt ekki til að ná tilsettum markmiðum stjórnvalda.

**Framboð og eftirspurn orku 2010 - 2030**




Heimild: Stöðuskýrsla Stjórnarráðs Íslands ásamt mati HS Orku á mögulegum nýjum orkukostum

* Greining: Roland Berger, unnið fyrir stjórnarráðið nær til 2050

## Virkjunarkostir, hættan á ofmati á afkastagetu

| Tegund orku | Vatnasvið/ háhitasvæði | Nr í 3. áfanga | Virkjunarkostur | MW | GWst/ár | Hagkv. flokk.* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vatnsafl | Ófeigsfjörður | R3104B | Hvalárvirkjun | 55 | 320 | 5 |
| Vatnsafl | Blanda | R3105A | Veituleið Blönduvirkjunar | 31 | 194 | 5 |
| Vatnsafl | Þjórsá | R3129A | Hvammsvirkjun | 93 | 720 | 4 |
| Vatnsafl | Austurgil | R3157A | Austurgilsvirkjun | 35 | 175 | 5 |
| Jarðvarmi | Hengilssvæði | R3271B | Hverahlíð II | 90 | 738 | - |
| Jarðvarmi | Hengilssvæði | R3275A | Þverárdalur | 90 | 738 | 4 |
| Jarðvarmi | Hengilssvæði | R3269A | Meitillinn | 45 | 369 | 3 |
| Jarðvarmi | Reykjanessvæði | R3262A | Stóra-Sandvík | 50 | 401 | 4 |
| Jarðvarmi | Svartsengissvæði | R3263A | Eldvörp | 50 | 401 | 4 |
| Jarðvarmi | Krýsuvíkursvæði | R3264A | Sandfell | 100 | 820 | 3 |
| Jarðvarmi | Krýsuvíkursvæði | R3266A | Sveifluháls | 100 | 820 | 3 |
| Jarðvarmi | Krýsuvíkursvæði | R3267A | Austurengjar | 100 | 820 | 3 |
| Jarðvarmi | Námafellssvæði | R3297A | Bjarnarflagsvirkjun | 90 | 756 | 3 |
| Jarðvarmi | Kröflusvæði | R3298A | Kröfluvirkjun | 150 | 1260 | 4 |
| Vindorka | Búrfellslundur | R4301B | Búrfellslundur | 120 | 440 | 2** |
| Vindorka | Blöndulundur | R3302A | Blöndulundur | 100 | 350 | 4 |

| Vatnsafl: 4 virkjunarkostir Jarðvarmi: 10 virkjunarkostir Vindorka: 2 virkjunarkostir | Uppsett afl, MW | Orka, GWst/ári |
|---|---|---|
| Alls, orkunýting | **1299** | **9322** |
| Alls vatnsafl, orkunýting | 214 | 1409 |
| Alls jarðhiti, orkunýting | 865 | 7123 |
| Alls vindorka, orkunýting | 220 | 790 |

**Vatnsaflskostir** rammaáætlunar eru metnir með þokkalegri vissu um afl og orku.

**Jarðvarmakostir** rammaáætlunar eru með talsverða óvissu um afl og orku. Mögulega er afkastageta ofmetin til lengri tíma.

Mikilvægt að stjórnvöld og virkjunaraðilar **meti sameiginlega afl- og orku virkjunarkosta** og setji á þeim grunni fram rökstudda virkjunaráætlun í tengslum við orkuskipti framtíðar.

VesturVerk HREIN ORKA

# Hugsanleg tímalína





# Samantekt & næstu skref

- Höfuðáhersla er lögð á að fá fram afstöðu ríkisins til auðlindanýtingar fari svo að ríkið eignist öll vatnsréttindi á Ófeigsfjarðarheiði. Á meðan afstaða ríkisins er óklár **þá tefst vinna við Hvalárvirkjun**
- Hönnun virkjunar og framkvæmd verður metin með vélarframleiðendum og verktökum með hliðsjón af staðli um sjálfbærni í framkvæmd og rekstri vatnsaflsvirkjunar
- Lögð verður áhersla á að vinna með **Landsneti** að skipulags- og leyfismálum í samræmi við tilmæli Skipulagsstofnunar
- Hefja samninga um nýtingu auðlindaréttinda á svæði Skúfnavatnavirkjunar (ríki og einkaaðilar)
- Áfram verður unnið að undirbúningi Nónborga, vindorkustöðvar



# Takk fyrir

VESTURVERK VERKEFNAÞRÓUN – HVALÁVIRKJUN

FUNDUR Á ÍSAFIRÐI 12. APRÍL 2023